

**Nr. 17-086 S 063 Sigrún ÍS 37****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7147  
Útgerð: Tækniþjónusta bifreiða ehf.  
Smíðaður: Samtak, trefjaplast, 1988.  
Stærð: 5,37 bt.  
Mesta lengd: 8,68 m Skráð lengd: 7,74 m  
Breidd: 2,69 m Dýpt: 1,12 m  
Vél: Yanmar, 140 kw, 1999.  
Fjöldi skipverja: 1



Sigrún©Mummi

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. júní 2017 var Sigrún ÍS 37 á strandveiðum í Ísafjarðardjúpi. Veður: S 2 m/s.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga um að báturinn væri vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Nanna ÍS 321 dró bátinn til hafnar í Bolungarvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að lítið var eftir af eldsneytisólú á geyminum en þegar báturinn fékk á sig hliðarvind komst loft inn á eldsneytisólúkerfið;
- að olúmælir var á geyminum og sýndi rétt olúmagn;
- að við það að reyna að koma vélinni í gang varð rafgeymirinn rafmagnslaus;
- að báturinn var búinn að standa ónotaður í tvö ár og var þetta ein af fyrstu veiðiferðum eftir það.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.